


Jóladagatal Flatar 2022

1. desember

Fimmtán jólasmaakökum er skipt á milli nokkurra jólasveina. Hver jólasveinn fær að minnsta kosti eina jólasmaaköku. Engir tveir jólasveinar fá jafnmargar jólasmaakökur. Hve margir gætu jólasveinarnir mest verið?

2. desember

Hvaða þrjár keilur þarf að fella til að fá nákvæmlega 100 stig?



3. desember

Vofa nokkur svifur í gegnum herbergi á tveggja vikna fresti. Í gegnum sama herbergi skröltir beinagrind á þriggja daga fresti. Hvenær hittast vofan og beinagrindin í herberginu?



4. desember

Í hvaða tákn (1-6) vantar línu?


5. desember

María, Jóna, Palli og Baldur hjálpa ömmu hans Baldurs að undirbúa jólamatinn. Það þarf að skræla 13 kartöflur og 8 gulrætur. María og Jóna byrja. Þegar þær eru búnar að skræla 7 kartöflur og 3 gulrætur skipta þær við Palla og Baldur. Hvað eru þá margar kartöflur og gulrætur eftir til að skræla?




6. desember

Sigga á jólakúlur í fjórum litum. Þær eru misþungar, en þær sem eru í sama lit eru jafnþungar. Hvaða jólakúlur þarf að setja í vogina þar sem spurningarmerkið er til að vogin sé í jafnvægi?




7. desember



Fylltu út 5 x 5 töfluna með tölunum frá 1 til 5 einu sinni í hverri röð og dálki, en fylgdu stærra en/minna en táknum sem sýnd eru. Það er aðeins ein gild lausn.

8. desember

Settu inn tölur í hverja röð og hvern dálk til að fá rétta útkomu í dæmin. Aðeins eru notaðar tölur frá 1 til 9 og hver tala er aðeins notuð einu sinni.



9. desember

Ásta var úti að skreyta jólatré ásamt vinum sínum, Jónu, Palla, Jakobi og Guðna.

Þau ætluðu að skreyta fimm tré og það áttu að vera jafn margar jólakúlur á þeim öllum. Þegar þau byrjuðu að skreyta kom í ljós að suma vantaði jólakúlur en aðrir voru með auka jólakúlur.

Það áttu að vera 22 jólakúlur á hverju tré. Trén voru fimm.

- * Ásta fékk lánaðar 4 jólakúlur hjá Jónu og 6 jólakúlur hjá Palla.
- * Guðni fékk 3 jólakúlur hjá Palla og 2 jólakúlur hjá Jakobi.
- * Þegar Palli var að ljúka við að skreyta sitt tré, sá hann að það vantaði 3 jólakúlur á tréð. Hann fékk 2 jólakúlur hjá Jónu og 1 jólakúlu hjá Jakobi.
- * Þegar allir höfðu lokið við að skreyta sitt tré átti Jóna eftir 4 jólakúlur og Jakob átti eftir 3 jólakúlur.

Hvað var hvert barn með margar kúlur áður en þau byrjuðu að skreyta trén?



10. desember

Geturðu gert þessa jöfnu rétta með því að nota einhver af þessum fjórum táknum? $+$ $-$ \times \div

12 1 6 6 = 48


11. desember

Hvaða tala á að koma í staðinn fyrir spurningarmerkið?




12. desember

Í jólaboðinu hjá Magga og Önnu er ákveðið að fara í leik. Krakkarnir merkja blöðrur og hver litur fær ákveðið mörg stig. Þau skjóta pílum á blöðrurnar. Maggi sprengir tvær blöðrur og er með 4 stig. Anna sprengir tvær blöðrur og er með 6 stig. Hvaða blöðrur eru eftir?



13. desember

Hvaða form (1-6) er meira hvítt en svart?



14. desember

Nýtt hótél var opnað annan sunnudag í aðventu. Öll herbergin voru númeruð í röð. Byrjað var á númer 1, síðan 2 og svo haldið áfram í réttri röð. Alls voru notaðir 41 tölustafir. Hvað voru mörg herbergi merkt?



15. desember

Í körfubolta skoraði sigurliðið 72 stig. Það voru skoraðar 32 körfur. Einungis voru skoraðar 2ja og 3ja stiga körfur. Hvað voru það margar 3ja stiga körfur og hve margar 2ja stiga körfur?

16. desember

Afi og amma eru að baka fyrir jólin. Þau baka 254 smákökur. Þau setja smákökurnar í 8 box til að gefa barnabörnunum næst þegar þau koma í heimsókn. Hversu margar smákökur eru í hverju boxi? Verða einhverjar afgangskökur fyrir afa og ömmu að gæða sér á?

17. desember


Í jólaboðinu fóru krakkarnir í nokkra leiki. Einn þeirra var þannig að 12 spjöld voru númeruð frá 1 til 12, síðan voru spjöldin sett í poka. Andri, Birna, Dóra, Gunnar og Erna tóku hvert um sig tvö spjöld úr pokanum og lögðu saman númer spjaldanna. Tvö spjöld voru eftir í hattinum.

Andri fékk summuna 11, Birna fékk summuna 4, Dóra fékk summuna 16, Gunnar fékk summuna 7 og Erna fékk summuna 19. Svo þurfti hópurinn að finna út hver tók hvaða spjöld og hvaða spjöld voru eftir í pokanum.

Hvaða spjöld fengu krakkarnir og hvaða spjöld voru eftir í pokanum?

18. desember

Þessar sex blómagreinar eiga allar eitt sameiginlegt nema ein. Hvaða blómagrein fylgir ekki reglunni og hver er reglan?



19. desember

Notaðu tölurnar 2, 5, 6 og 8 til að fá 4 sem svar. Þú þarft að nýta samlagningu, frádrátt og margföldun í leið þinni að svarinu.

20. desember

Gunnar skiptir fimm eplum milli sex barnabarna sinna. Sýndu hvernig hann getur skipt eplunum.

21. desember

Hvað gefur kiwið mörg stig?




22. desember

Bensínverð hækkaði 1. desember um 20%. Margir mótmæltu þeirri hækkingu og hafa olíufélögin lækkað verðið aftur um 20%. Allir ættu því að geta verið ánægðir. Ertu sammála þessu? Rökstyddu svar þitt með dæmi. Ef bensínverðið var 300 kr pr lítra fyrir 1. desember hvað er þá verðið núna eftir 20% hækkingu og svo aftur 20% lækkingu?

23. desember

Ákveðin regla er á litunum í þessum myndum, út frá þeirri reglu er ein mynd rangt lituð. Hver er hún?



24. desember

Um áramótin voru Siggi og fjölskylda hans að skjóta upp flugeldum. Hver flugeldur (A-F) inniheldur 6 stjörnur. Hver flugeldur gefur frá sér 1, 2 eða 3 stjörnur af sama lit.

Hvaða flugeldur á eftir að skjóta á loft?

